

Fundargerð

231. fundur stjórnar Úrvinnslusjóðs
þriðjudaginn 18. október 2016 kl. 12¹⁵ – 13³⁰.

Viðstödd:	Guðmundur G. Þórarinsson (GGP), formaður Bryndís Skúladóttir (BS) Lárus M.K. Ólafsson (LÓ) (fjarverandi) Guðfinnur Johnsen (GJ) Hlíðar Þór Hreinsson (HÞH) (fjarverandi) Bryndís Gunnlaugsdóttir Holm (BGH) (fjarverandi) Freyr Ævarsson (FÆ vm. BGH) Lúðvík Gústafsson (LG)	Ólafur Kjartansson (ÓK), framkv.stj. Guðlaugur Sverrisson (GS), fundarritari.
-----------	---	--

Á fundinum var eftirfarandi lagt fram varðandi þá liði dagskrár sem getið er í sviga:

- (1) Fundargerð síðasta fundar
- (2) Rekstur vöruflokka
- (3) Ríkisendurskoðun
- (4) Raf- og rafeindatæki
- (5) Ársfundur
- (6) Önnur mál

1. Fundargerð

Lögð var fram fundargerð síðasta fundar ([230. fundar](#)).

Samþykkt

2. Rekstur vöruflokka

Lagt var fram á fundinum yfirlit um rekstur vöruflokka janúar – september 2016. ÓK fór yfir helstu rekstrarniðurstöður. Hann minnti á að tekjur eru allar komnar fram en eithvað vantar upp á að allur kostnaður sé útgreiddur á móti.

3. Ríkisendurskoðun

Lögð var fram á fundinum endurskoðunarskýrsla fyrir árið 2015 um Úrvinnslusjóð sem Ríkisendurskoðun hefur tekið saman.

Skýrslan tekur á fjárhheimildum og rekstri, innra eftirliti, fylgni við lög og reglur, endurskoðun rekstrar- og efnahagsliða og viðbrögðum við fyrri ábendingum. ÓK fór yfir helstu niðurstöður. GGP lýsti yfir ánægju sinni með niðurstöður Ríkisendurskoðunar er varða starfshætti ÚS. Skýrslan er m.a. send til fjármála- og umhverfisráðuneytis og til Alþingis.

G. G. P.

J *LG*

4. Raf- og rafeindatæki

Lagðar voru fram á fundinum niðurstöður frá Umhverfisstofnun um skráningarkerfi framleiðenda og innflytjenda raftækja annars vegar og eftirliti með innflutningi og framleiðslu á raftækjum og rafhlöðum hins végars. Eftirlitið náði einnig til sveitarfélaga. ÓK fór yfir greiðslur til UST til að halda þessa skrá. ÚS greiðir UST 1000 kr fyrir hverja skilgreinda skráningu. Heildargreiðsla ÚS til UST fyrir utanumhald á skráningu fyrir árið 2015 var um 3,5 milljónir kr. Nánari upplýsingar eru á vef UST. Stjórnarmenn ræddu skilgreiningu UST á söluaðila/innflytjenda raf- og rafeindatækja.

Lögð voru fram drög að spurningum sem ráðgert er að senda til þjónustuaðila raf- og rafeindatækjaúrgangs. Spruningarnar snúa að framkvæmd þjónustuaðila við meðhöndlun og ráðstöfun raf- og rafeindatækjaúrgangs. ÓK fór yfir málið.

4. Ársfundur


Ákveðið var á síðasta fundi stjórnar að halda ársfund Úrvinnslusjóðs þann 3. nóvember n.k. Sú tímasetning hentar ekki fulltrúum UAR. Stefnt er á að halda ársfund í byrjun desember 2016.

4. Önnur mál

GGP fór yfir hugleiðingar sýnar um frumkvæðisskyldu Úrvinnslusjóðs við álagningu úrvinnslugjalds á nýja vöruflokk.

Næsti fundur ákveðinn 1. nóvember 2016.

Fundi slitið kl 13:30



The image shows three handwritten signatures in blue ink. The top signature reads "Guðrún G. Þórssen". The middle signature reads "Jón Ólafur S. Guðlaugsson". The bottom signature reads "Guðfinna Þ. Þórssen".